

Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 ÞÓRSHÖFN

Garðabær, 4. apríl 2024
Málsnúmer: 202403-0056
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag í landi Tungusels.

Vísað er í tölvubréf frá Langanesbyggð sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 22. mars 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um nýja skipulagslýsingu vegna vinnu við deiliskipulag fyrir veiðihús í landi Tungusels.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um fyrri skipulagslýsingu deiliskipulagsins þann 25. apríl 2023. Þar gerði stofnunin ekki athugasemdir við áætlaða uppbyggingu veiðihúss en benti þó á að huga þyrfti vel að því að valda sem minnstu raski á gróðurfari og einkum að hlífa votlendi sem töluvert er um á svæðinu. Einnig var bent á að notast ætti við þá slóða sem fyrir eru sem aðkomuvegi. Svæðið er óbyggt og lítt raskað og mikilvægt að áætluð uppbygging falli vel inn í landslag. Lítið er vitað um fuglalíf svæðisins en einhver fælingaráhrif eru líkleg til að verða af aukinni umferð á svæðinu. Þessar almennu ábendingar eiga enn við.

Breytingar hafa orðið á áætlaðri staðsetningu veiðihússins og eru kynntir fjórir valkostir í nýju skipulagslýsingunni til viðbótar við þann sem fjallað var um í upphaflegu skipulagslýsingunni. Sá valkostur sem stefnt er að því að velja er einn af þeim nýju, valkostur 1 sem er staðsettur austan við Hafralónsá. Þar er stefnt að uppbyggingu á tveimur byggingum á 2 hektara lóð, samtals um 1260 m² af byggingarmagni. Þörf er á nýrri vegtengingu sem mun liggja um núverandi vegslóða. Lóðin sjálf er staðsett í mikilli nálægð við votlendi sem fellur undir ákvæði 61. greinar náttúruverndarlaga nr. 60/2013, ákvæði um sérstaka vernd, og huga þarf mjög vandlega að því við skipulag og framkvæmdir að votlendið verði fyrir sem minnstu raski. Þörf er á efnistöku og verður sótt í efnistökusvæði í landi Tungusels. Það svæði er nálægt Hafralónsá og tryggja þarf að efnistakan hafi ekki neikvæð áhrif á vatnsgæði árinna.

Um uppbyggingu er að ræða á lítt snortnu óbyggðu svæði og því um eðlisbreytingu að ræða og huga þarf mjög vandlega að útfærslum við hönnun og framkvæmdir til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

